

Nd.

295. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1) í guðfræðideild 4, 2) í læknadeild 16, 3) í lagadeild 6, en sjötta embættið skal þó eigi veita, fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum, 4) í viðskiptadeild 4, 5) í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6) í verkfræðideild 6.

2. gr.

Við 1. málsgr. 38. gr. bætist svofelld ákvæði:

Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

2. málsgr. 38. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun sex nýrra prófessorsembætta við Háskóla Íslands. Af þeim eru þrjú samkvæmt áætlun háskólaráðs frá árinu 1964, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, um fjölgun prófessorsembætta næsta áratuginn (prentuð sem fylgiskjal með frv. til laga um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, er lagt var fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi 1965/66, þskj. 214). Er þar um að ræða eitt embætti í læknadeild, eitt í lagadeild og eitt í viðskiptadeild. Þá er gert ráð fyrir breytingu tveggja núverandi dósentsembætta í læknadeild í prófessorsembætti, þ. e. annars vegar í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum, hins vegar í röntgenfræði. Er það í samræmi við tillögur háskólans (sbr. greinargerð með 10 ára áætluninni), og á breytingin ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér eins og starfskjörum kennaranna er nú skipað. Loks er, einnig samkvæmt tillögum háskólaráðs, gert ráð fyrir stofnun nýs prófessorsembættis í verkfræðideild. Er hér um að ræða embætti prófessors í jarðeðlisfræði, og er ætlað til, að hann veiti forstöðu rannsóknastofu þeirri í jarðeðlisfræði, sem þegar hefur verið komið á fót við Raunvísindastofnun Háskólans.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að prófessorarnir í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum og í röntgenfræði veiti forstjórn viðkomandi deildum við Landspítalann, en það er í samræmi við starfssvið núverandi dósenta í þessum greinum. Jafnframt er lagt til, að fellt verði úr lögum ákvæði um, að prófessorinn í eðlisfræði skuli jafnframt vera forstöðumaður rannsóknastofu til mælinga á geislavirkum efnum, er lúti verkfræðideild. Ákvæði þetta er efnislega niður fallið eftir tilkomu Raunvísindastofnunar Háskólans, sem annast m. a. rannsókn á geislavirkum efnum.